

Grindavíkurbær
Víkurbraut 62,
240 Grindavík

Garðabær, 20. maí 2025
202505-0082/A.B.
08.03

Efni: Fyrirspurn - Umsögn - rafstrengur á hrauninu við Þorbjörn - Grindavík Grindavíkurbær.

Vísað er til erindis Grindavíkurbæjar sem barst 16. maí 2025 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndarstofnunar vegna fyrirhugaðrar lagningar rafstrengs HS Veitna inn í Grindavík. Í drögum að framkvæmdalýsingu kemur fram að strengurinn verði lagður frá tengiholu við Selhálshraun að hlíðum Þorbjarnar og yfir hraun að tengiholu SG2, innan varnargarða. Í erindi framkvæmdaraðila kemur fram uppfærð yfirlitsmynd sýni nýjustu legu strengsins. Gögn sem áður voru lögð fram sem drög tóku smávægilegum breytingum. Breytingarnar lúta að því að áætlað er að leggja strenginn neðan við fyrirhugað framtíðar lagnabelti í hlíðum Þorbjarnar en ekki ofan við, eins og gert var ráð fyrir í upprunalegum plönunum. Hluti strengsins verður borinn undir veg og varnargarð, en að öðru leyti liggur hann ofanjarðar.

Svæðislýsing og staðsetning

Fyrirhuguð lega strengsins liggur yfir hraunbreiðu við rætur Þorbjarnar. Samkvæmt gögnum nýtur hraunið á umræddu svæði sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Valkostir og tillaga stofnunarinnar

Í greinargerð eða framkvæmdalýsingu fylgja engin gögn um valkostagreiningu, þ.e. hvort reynt hafi verið að finna leið sem liggur utan verndarsvæðis eða yfir þegar röskuð svæði. Að mati Náttúruverndarstofnunar ber að leggja slíkt mat fram áður en ákvörðun er tekin um legu strengsins, í samræmi við skilyrði 61. gr.

Stofnunin leggur til að skoðaður verði kostur sem felur í sér að strengurinn verði lagður við Grindavíkurveg eða í götum innan varnargarða, þar sem fyrir er veruleg raskun. Slíkt myndi draga verulega úr áhrifum á verndarsvæðið.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

René Biasone

sérfræðingur